

Spurningar og svör vegna könnunar á áformum um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta.

Vísað er til tilkynningar frá FST, dags. 19. mars, um ofangreint málefni. <https://www.fjarskiptastofa.is/fjarskiptastofa/tolfraedi-og-gagnasafn/frettasafn/frett/fr%C3%A9ttir/fjarskiptastofa-kallar-eftir-aformum-um-lagningu-ljosleidara-adgangsneti-2024-2026>

Borist hefur nokkuð af spurningum. Hér eru birt svör við þeim spurningum sem borist hafa að undanförunu. Spurningum sem berast í dag verður svarað í næstu viku.

Vakin er athygli á því að svarfrestur er framlengdur til og með 19. apríl nk.

Spurning 1:

Við kaupum alla okkar þjónustu og endurseljum, þannig að við erum ekki í uppbyggingu á fjarskiptanetum, eða með áform um það, heldur endurseljum bara það sem er í boði frá þessum fyrirtækjum. Er eitthvað sem við þurfum að svara?

Svar FST:

Fjarskiptafyrirtæki sem ekki reka eigin fjarskiptainnviði og hyggjast ekki byggja upp ljósleiðara-aðgangsneta á næstu þremur árum, þurfa ekki að fylla út excel skjal sem fylgdi áformakönnun, né heldur þau skjöl sem fylgdu reglulegri gagnaöflun fyrir gagnagrunn FST. Hins vegar er óskað eftir að svar berist með tölvupósti (sigurjon@fjarskiptastofa.is) þess efnis að fyrirtækið hafa ekki áform um uppbyggingu ljósleiðara-aðgangsneta og/eða eigi ekki sjálft fjarskiptainnviði.

Spurning 2:

Sveitarfélag spyr hvort það þurfi að svara erindinu eða vísa á fjarskiptafyrirtæki sem leggja lagnir í sveitarfélaginu.

Svar FST:

FST sendi áformakönnun á öll sveitarfélög í landinu. Ástæðan var tvíþætt, þ.e. annars vegar að vekja athygli sveitarfélaga á verkefninu og hins vegar að fá fram áform þeirra sveitarfélaga sem standa sjálf að uppbyggingu fjarskiptainnviða. Ef viðkomandi sveitarfélag rekur ekki fjarskiptainnviði og hefur ekki í hyggju að byggja sjálft upp ljósleiðara-aðgangsneta á næstu þremur árum, þá nægir að upplýsa FST um það í tölvupósti (sigurjon@fjarskiptastofa.is) og óþarft er að fylla út þau fylgiskjöl sem send voru. FST sendi áformakönnun á fjarskiptafyrirtæki og mun fá svör beint frá þeim.

Spurning 3:

Nú ná tilkynnt áform fjarskiptafyrirtækis til staðfanga þar sem eigendur óska ekki eftir því að tengjast eða neita að greiða tengigjald sem Fjarskiptastofa telur vera á markaðsforsendum þegar að framkvæmd kemur. Ber fjarskiptafyrirtækinu engu að síður að tengja viðkomandi staðfang?

Svar FST:

Leggja verður ljósleiðara a.m.k. að útvegg viðkomandi staðfangs svo að notandi sem þess óskar geti fengið virka tengingu innan fárra daga gegn greiðslu tengigjalds ef svo ber undir. Heimili notandi ekki lagningu innan sinnar lóðar þá skal ljósleiðari engu að síður lagður að lóðarmörkum.

Spurning 4:

Lagning ljósleiðara í þéttbýli er m.a. háð því að framkvæmdaleyfi fáiast hjá viðkomandi sveitarfélagi. Tekur Fjarskiptastofa það sem gildan fyrirvara um tímasetningu áforma, að framkvæmdaleyfi fáiast í tíma?

Svar FST:

Já, að því gefnu að töf eða synjun á framkvæmdaleyfi skýrist ekki af vanköntum á sjálfri umsókninni.

Spurning 5:

Við lagningu fjarskiptafyrirtækis á ljósleiðara í þéttbýli er reynt af fremsta megni að nýta samlegð með öðrum jarðframkvæmdum. Hagræði sem fjarskiptafyrirtæki hefur af slíkri samlegð er oft forsenda þess að lagning ljósleiðara geti farið fram á markaðslegum forsendum. Tekur Fjarskiptastofa það sem gildan fyrirvara um tímasetningu áforma að jarðframkvæmdum annarra aðila sem til stóð að samnýta gæti seinkað?

Svar FST:

Já, að því gefnu að sú seinkun skýrist ekki af þáttum sem rekja má til viðkomandi fjarskiptafyrirtækisins.

Spurning 6:

Veður á Íslandi getur verið ófyrirsjáanlegt m.a. hvenær snjóa leysir og frost fer úr jörðu á vorin og hvenær snjór fellur að hausti og jörð frýs. Jarðvinna í tengslum við lagningu á ljósleiðara er að jafnaði háð því að jörð sé laus við snjó og frost. Tekur Fjarskiptastofa það sem gildan fyrirvara um tímasetningu áforma að jarðframkvæmdum gæti seinkað sökum slíkra þátta?

Svar FST:

Almennt séð er svarið já. Um er að ræða n.k. force mæjures fyrirvara sem gildir gagnvart öllum tilkynntum áformum, en komi til slíkra tafa þarf að senda FST rökstudda greinargerð með tilheyrandi gögnum. FST tekur síðan afstöðu til hvers tilviks fyrir sig.

Spurning 7:

Stríðsátök, farsóttir og fjármálakrísur geta valdið því að gengi gjaldmiðla stökkbreytist, fólk verður óvinnufært, birgjakeðjur rofna o.þ.h. Tekur Fjarskiptastofa það sem gildan fyrirvara um tímasetningu áforma ef slíkir þættir eiga sér stað á því tímabili sem áformakönnunin nær til?

Svar FST:

Já. Um er að ræða n.k. force mæjures fyrirvara sem gildir gagnvart öllum tilkynntum áformum, með sömu fyrirvörum og gerðir eru í svari við spurningu 6.

Spurning 8:

Verið getur að fjarskiptafyrirtæki búi þegar yfir vandaðri uppbyggingaráætlun fyrir umrætt tímabil sem er þó ekki að fullu búið að fjármagna og ekki er öruggt að náist að fjármagna áður en skammur frestur til að skila inn áformum rennur út. Fer það ekki gegn hagsmunum ríkisins, sveitarfélaga og notenda að Fjarskiptastofa hafni því að taka við slíkum áformum sem eru með fyrirvara um fjármögnun sem þó er hægt er að sýna fram á að unnið sé að?

Svar FST:

Ef fjarskiptafyrirtæki sýnir að mati Fjarskiptastofu fram á sannfærandi gögn sem staðfesta áform fyrirtækisins um „vandaða uppbyggingaráætlun“ sem þó er háð staðfestingu á fjármögnun, þá verða þau áform tekin gild að því tilskyldu að viðkomandi fjarskiptafélag vinni áfram að því að tryggja þá fjármögnun og upplýsi Fjarskiptastofu reglulega um stöðu þeirrar vinnu.

Spurning 9:

Þetta er ansi umfangsmikið og þvert inn í páskafrí. Er ekki möguleiki á lengri svarfresti?

Svar FST:

FST gerir sér grein fyrir að það er nokkuð umfangsmikið verkefni að svara áformakönnuninni og reglubundinni gagnaöflun um fjarskiptainnviði sem send var fjarskiptafyrirtækjum á sama tíma. Ennfremur koma nokkrir frídagar inn í svarfrestinn í kringum páska. Á móti kemur að þau fyrirtæki sem þurfa að standa skil á mesta gagnamagninu eru komin með reynslu og ákveðið verklag við að skila gögnum í reglubundinni gagnasöfnun. FST bendir á að mikilvægt er að fá niðurstöður í áformakönnun áður en ákjósanlegasta framkvæmdatímabil ársins gengur í garð. Með hliðsjón af þessu hefur FST ákveðið að framlengja svarfrest um eina viku og verður svarfrestur því til og með 19. apríl nk.